

Aðgerðaáætlun fyrir Hrótey

Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt sanni.

Blönduósbær er ábyrgðaraðili eftirfarandi aðgerða.

Árlega

- Sveitarfélagið fylgist með ástandi innviða og gerir ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- Jarðvegsrof verði vaktað og viðeigandi ráðstafanir gerðar jafn óðum.
- Göngustígum og merkingum verði viðhaldið.
- Skógurinn verði grisjaður eftir því sem þörf er á og þannig greitt fyrir för fólks um svæðið.
- Svæðið hreinsað af rusli.
- Fréttir af svæðinu settar inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

2022

- Villustígum lokað og komið í veg fyrir að nýir myndast.
- Sveitarfélagið gerir úttekt og áætlun um skilti sem fyrir eru og æskilegt er að verði sett upp og myndar sér stefnu um upplýsingargjöf innan fólkvangsins í samstarfi við Umhverfisstofnun.
- Fræðsluvettvangur um fólkvanginn útbúinn á heimasíðu sveitarfélagsins og fólk hvatt til að heimsækja svæðið.
- Standar fyrir hjólsettir upp við bílastæði handan Blöndu.
- Kynning á stjórnunar- og verndaráætlun Hróteyjar sett inn á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt þeim reglum sem þar gilda.
- Áætlun um að fjarlægja eldri mannvirki.

2023

- Áætlun unnin um aðgengi fyrir fólk með fötlun.
- Bekkir og önnur setsvæði endurbætt svo þau falli vel inn í umhverfið og aðkoma að setsvæðum gerð augljós.
- Fleiri áningarborð sett upp.

2024

- Hugmyndir um nýtingu svæðisins fyrir skólahópa verði unnin í samstarfi við skóla sveitarfélagsins.
- Gerð verði samantekt á lífríki svæðisins og niðurstöður nýttar til fræðslu fyrir almenning og skólahópa.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili eftirfarandi aðgerða

- Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.
- Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er.
- Heimasíða um Hrótey á vef Umhverfisstofnunar verði bætt.